

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Sveitarfélagið Skagafjörður Skarðsmóar við Sauðárkrók



Dags eftirlits	9.7.2013	Fulltrúi UST	Sigrún Guðmundsdóttir
Fyrirtæki	Sveitarfélagið Skagafjörður	Fulltrúi UST	
Heimili	Skagfirðingabraut 17 Sauðárkróki	Tegund eftirlits	Annað
Kennitala	5506982349	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	enginn	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	470728,446 583246,308

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Urðunarframkvæmdum Sveitarfélagsins Skagafjarðar á Skarðsmóum lauk síðla árs 2012. Við skoðun nú var úrgangur á staðnum, garðaúrgangur, eitthvað af byggingarárgangi og verulegt magn af timburúrgangi sem verið var að kurla. Nokkrir ljótir pollar voru á svæðinu og greinileg hauggaslosun um þá (loftbólur) og "lækurinn" á staðnum er einnig ljótur á köflum, útfellingar og ofauðgun greinileg. Mælingar á vatni voru framkvæmdar á síðasta ári. Mælingarnar voru ekki að öllu leyti eins og kveðið er á um þær í löggjöf og farið var fram á það við rekstraraðila að AOX yrði mælt nú í vor þar sem gildi þessa mengunarþáttar var hátt. Skv. upplýsingum rekstraraðila frá 29.8.sl. áttu mælingar að fara fram á staðnum fyrir 1.okt. 2013.

## UMFANG EFTIRLITS

Urðunarstaður var skoðaður og farið yfir þau gögn sem fyrir liggja um staðinn, hvað varðar stöðvun starfsemi og lokun hans.

## ATHUGASEMDIR

Umhverfisstofnun hvetur rekstraraðila til að gera grein fyrir stöðu frágangs á urðunarsvæðinu. Samkvæmt lokunaráætlun á frágangi á urðunarsvæðinu að vera lokið haustið 2013.

## ANNAÐ

Starfsleyfi urðunarstaðarins var gefið út 1987 en gildistími þess var ekki takmarkaður eins og við á um starfsleyfi í dag. Þar sem meðhöndlun úrgangs átti að ljúka nú í haust (skv. lokunaráætlun) er rétt að starfsleyfishafi skili leyfinu til Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun hefur samþykkt lokunaráætlun rekstraraðila og er unnið að lokunarfyrirmælum hans.

Reykjavík, 17.07.2013

Sigrún Guðmundsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.